

## **15. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 27. apríl 2020 í Huppusal í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Formaður óskar eftir því að erindi frá Ásæl, Umhverfisstofnun og vatnsveitumál frestist til næsta fundar og er það samþykkt. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### **1. Vatnsöflun fyrir Hitaveitu Flúða.**

Hannibal fór yfir stöðuna á afkastagetu Hitaveitu Flúða á Flúðum og þá vinnu sem fram hefur farið við að skoða þá möguleika sem til staðar eru til að auka vatnsöflun fyrir hitaveituna. Fjórar leiðir hafa verið nefndar, nýting Grafarholunnar, borun á Flúðum, lagning á hitaveitulögn frá Kópvatnsholunni og djúpdæla í holu á Flúðum. Fyrir liggja lausleg drög að kostnaðaráætlun/samantekt frá Berki Brynjarssyni verkfræðingi á þessum fjórum möguleikum og einnig drög að minnisblaði frá Hauki Jóhannessyni, jarðfræðingi um samspil hitaveitusvæðanna á Flúðum og Kópvatni. Að mati veitustjóra þá er versti kosturinn að setja djúpdælu í núverandi borholu á Flúðum og mælir hann ekki með þeirri leið. Eftir standa eftirfarandi möguleikar:

- Grafarholan:
- Borun á Flúðum:
- Nýting á vatni frá Kópvatnsholunni.

Fyrir liggur erindi frá stjórn Hitaveitu Grafarhverfis ehf um að ræða við Hitaveitu Flúða um nýtingu á Grafarholunni. Veitustjórn felur formanni veitustjórnar, veitustjóra og sveitarstjóra að ræða við stjórn Hitaveitu Grafarhverfis ehf. sbr. erindi hennar. Upplýsingar um kaup og fýsilega nýtingu hennar skulu liggja fyrir fyrir næsta veitustjórnarfund.

Samhliða samþykkir veitustjórn að fela veitustjóra að vinna áfram verðkönnun að borun á nýrri holu á Flúðum og að hefja hönnun á nýtingu á heitu vatni frá Kópvatnsvirkjun.

Veitustjórn felur einnig veitustjóra að semja við Hauk Jóhannesson og Grím Björnsson jarðfræðinga að skila veitustjórn skýrslu um hvort líklegt sé að uppdæling á Kópvatni hafi áhrif á jarðhitasvæðið á Flúðum.

### **2. Viðauki við samninga vegna Kópvatnsholunnar.**

Hannibal og Jón fóru yfir tillögur að viðaukum við samninga milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf út af nýtingu Kópvatnsholunnar vegna niðursetningar á nýrri djúpdælu í holuna og kælitjörn á lóðinni.

Veitustjórn samþykkir tillögur að viðaukunum og felur veitustjóra og sveitarstjóra að ganga frá þeim.

**3. Covid 19 veiran.**

Hannibal og Jón fóru yfir stöðuna gagnvart Covid 19 og þær ráðstafanir sem sveitarfélagið hefur verið að veita rekstraraðilum sem hafa orðið fyrir barðinu á áhrifum Covid 19. Veitustjórn heimilar að veita þeim rekstraraðilum sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum af völdum faraldursins gjaldfrest á greiðslu hitaveitu reikninga í samræmi við aðgerðir sveitarstjórnar vegna Covid 19 um greiðslufresti fasteignagjalda.

**4. Mál tekin fyrir á næsta fundi.**

Ásæl vegna styrktarbeiðni, Umhverfisstofnun vegna friðlýsingar, framkvæmdir vegna Hrunaljóss á Flúðum og kostnaðarmat vegna vatnsveituframkvæmda

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:00.

Næsti fundur fyrirhugaður 11. maí n.k.